

Sþ.

743. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkisins á láni handa Flateyjarhreppi til að koma upp frystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þús. króna lán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að koma upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri í Flatey á Breiðafirði.

Greinargerð.

Flateyjarhreppur réðist í það á s. l. ári að kaupa einn af Svipjóðarbátunum í félagi við nokkra sjómenn þar á staðnum. Kom bátur þessi til landsins á s. l. sumri. Hefur honum verið haldið til veiða á Breiðafirði s. l. vetur og aflað með allra bezta móti. En vegna þes að enn er hvorki frystihús né önnur aðstaða í Flatey til þess að þar sé unnt að gera út slíkan bát, þótt hins vegar veiðiskilyrði séu þar hin ágætustu, hefur báturinn orðið að flytja sig til Stykkishólms til stórtjóns fyrir íbúa Flateyjar, sem treystu því fastlega, þegar þeir lögðu fram fé í þetta fyrirtæki, að báturinn yrði gerður út að fullu þar heima fyrir, enda var þá og jafnhliða ráðizt í að undirbúa byggingu á hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri á eyjunni, svo tryggt yrði, að báturinn yrði gerður þaðan út.

Áætlað er, að fyrirtækið kosti um 600 þús. krónur. Hefur efnið í húsið svo og vél-ar allar verið pantað og er von á því öllu innan skamms. Jafnframt hefur verið unnið að því í vetur að undirbúa grunn hússins og annað í sambandi við bygginguna. Fjár-söfnun hefur verið hafin heima fyrir. Hafa íbúar lofað 70 þús. kr. framlagi, kaupfélagið 130 þús. og hreppurinn 150 þús. En með því að hreppurinn hefur jafnframt mörgum öðrum verkefnum að sinna, svo sem fjárfrekum hafnarbótum, sem verður að fullgera áður en iðjuverið tekur til starfa og þegar hefur kostað á þriðja hundrað þús. krónur, vegargerð í sambandi við þessi mannvirki, sem kostað hefur um 50 þús. krónur, og ýmislegt fleira, er óhjákvæmilegt, að hreppurinn taki fé það að láni, er hann hefur lofað að leggja fram til frystihússins.

Um meira en heila öld hefur Flatey verið miðstöð verzlunar og framkvæmda fyrir norðurhluta Breiðafjarðar. Að henni liggja 4 hreppar, sem allir hafa skilyrði til þess að hafa verzlunar- og atvinnuviðskipti þar, ef aðeins er horfið að því að koma upp sams konar atvinnutækjum og almennt gerist á flestum öðrum stöðum á landi hér, þar sem fólk hefur tekið sér bólfestu. Þar eru hin ágætustu fiskimið og margvísleg önnur hlunnindi, bæði til lands og sjávar. En þó er það sýnt, að þessi staður ásamt aðliggjandi eyjum mun leggjast í eyði, nema tryggt verði, að þar komist upp atvinnutæki, er skapað geti íbúunum sömu lífsskilyrði og almennt gerist nú í landinu á öðrum stöðum. Íbúarnir hafa nú sjálfir ákveðið að koma upp slíkum atvinnutækjum. Í því trausti, að Alþingi meti þá viðleitni og vilji styrkja hana, er þáttill. þessi fram borin.